



## Ásta Sóley Jónsdóttir

**MS verkefni:** Medication-Induced Delirium in Children: Clinical Experiences of Healthcare Professionals

**Höfundur:** Ásta Sóley Jónsdóttir er fædd þann 25. nóvember 2001 og uppalin á Akranesi. Hún útskrifaðist með stúdentspróf af náttúrufræðibraut frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2020 og hóf nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands um haustið sama ár. Samhliða náminu hefur hún unnið hjá apótekum og eitt sumar í lyfjaþjónustu Landspítalans. Hún lauk BS prófi í lyfjafræði árið 2024 og hóf nám í MS í lyfjafræði haustið sama ár. Hún greip það tækifæri að fara út og vinna meistaraverkefni sitt við klínísku lyfjafræðideild Háskólans í Innsbruck í Austurríki, þar sem hún fékk að kynnst skemmtilegu fólki, vera partur af frábæru teymi og öðlaðst dýrmæta reynslu.

**Stuttur útdráttur úr ritgerð:** Óráð er brátt sjúkdómsástand sem einkennist af truflaðri meðvitund, athygli, vitrænni getu og skyntúlkun. Óráð er oft vangreint hjá börnum, sem eru jafnframt viðkvæmari fyrir ytri þáttum sem geta ýtt undir þróun þess, svo sem lyfjum. Rannsóknin var lýsandi þversniðsrannsókn þar sem notaður var rafrænn spurningalisti. Þátttakendur voru læknar og hjúkrunarfræðingar á barnadeildum, gjörgæslu, svæfingardeild og vöknun á Landspítala. Niðurstöður sýndu almennt góða þekkingu á einkennum, en breytilegt mat á algengi milli deilda. Skortur var á formlegri þjálfun, notkun klínískra leiðbeininga og skimunartækja. Niðurstöður benda til þess að þörf er fyrir aukna þjálfun og innleiðingu staðlaðra verkferla við greiningu og meðhöndlun óráðs hjá börnum.